

150 18. des. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en 2×70 qmm, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjöld.

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

2. Sektir fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt 3 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Rafveitustjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 26 frá 9. marz 1940 og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1944.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

151 27. nóv.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 165 9. sept. 1939.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá og með 1. janúar 1945 innheimtast með 100% hækkun.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. jan. 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1944.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.